

1871.

31. ágúst.

hvernig á stendur, en að öðru leyti búumst vèr við, að póstgufu-
skipið nú þegar komi við á Vestmannaeyjum á sumarferðum sínum
bæði á leiðinni til Íslands og hingað aptur.

Um úrskurð þann, sem fjárhagsstjórnin leggur á þetta, væntum
vèr að fá vitneskju.

83. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stipsyfirvaldanna á Íslandi, um sending á fornbréfasafni Norðmanna (*Diplomatarium Norvegicum*).

1. septbr.

Meðfylgjandi exemplar af VIII. bindis 1. parti af *Diploma-
tarium Norvegicum*, sem hin konunglega kirkju- og kennslu-
stjórn í Norvegi hefir sent hingað, sendum vèr yður með þessu
bréfi, samkvæmt beiðni tèðrar stjórnardeildar, handa stiðtsbóka-
safninu í Reykjavík.

84. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtannsins yfir Íslandi, um ráðstafanir útaf skipaströndum við Ísland, þegar útlendir eiga í hlut.¹

14. septbr.

Eptir að vèr höfðum fengið álit allra amtmannanna á Íslandi
um uppástungu hins frakkneska sendiherra hér í landi um það,
að það verði lagt hlutaðeigandi yfirvöldum á Íslandi fyrir, að senda
tafarlaust og beina leið annaðhvort hinum frakkneska verzlunar-
fulltrúa í Reykjavík eða verzlunarfulltrúanum í Helsingjaeyri öll skjöl,
sem snerta slys eða strönd frakkneskra skipa við Ísland, hefir dóms-
málastjórninni fundizt vera ástæða til, að fara eptir ósk þessari, en jafn-
framt höfum vèr álitið, að bezt eigi við, að það, sem skipað verður

¹) Sama dag var hinum amtmönnunum skrifað á sömu leið.